



Fréttabréf Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands

1. tbl. 4. árg. apríl 2002



Þjálfarar ársins 2001

Á síðasta aðalfundi KþÍ voru Jörundur Áki Sveinsson og Ólafur Þórðarsson útnefndir þjálfari ársins í efstu deild kvenna og karla fyrir árið 2001. Jörundur Áki hóf sinn þjálfaraferil hjá Stjórnunni þar sem hann þjálfaði yngri flokka og síðar mfl. kvenna en færði sig um haustið 1997 yfir til Breiðabliks, sem hann stýrði til sigurs í bikarkeppni KSÍ 1998 og til sigurs bæði í deild og bikar keppnistímabilið 2000 og til sigurs á Íslandsmótinu síðastliðið sumar. Jörundur Áki var þjálfari U-21 kvenna árið 2000 og 2001 og mun stjórna þeim áfram. Jörundur Áki þjálfar einnig A-lansliðið kvenna. Í haust tók Jörundur Áki við meistaraflokki karla hjá Breiðabliki. Jörundur Áki hefur lokið öllum stigum KSÍ í knattspyrnuþjálfun. Jörundur Áki var einnig útnefndur þjálfarar ársins í efstu deild kvenna fyrir árið 2000 og er þetta í þriðja sinn sem hann hlítur þennan titil. Til hamingju Jörundur Áki.

Ólafur Þórðarson þjálfari Akraness var útnefndur þjálfari ársins í efstu deild karla fyrir árið 2001. Ólafur hóf þjálfaraferil sinn hjá Fylki 1997 og kom þeim í efstu deild karla, en tók síðan við liði Skagamanna í lok tímabilsins 1999 og stýrði þeim til sigurs í Coca Cola bikarkeppni KSÍ og s.l. sumar unnu Skagamenn Íslandsmeistartitilinn með glæsibrag og ljóst að Ólafur er að gera góða hluti sem þjálfari. Í haust tók Ólafur við sem þjálfari íslenska ungmennalandsliðsins skipað að leikmönnum undir 21 árs. Þetta er í fyrsta sinn sem Ólafur hlýtur þennan titil. Til hamingju Ólafur.

Fréttir . . .

FRÆDSLUSTJÓRI KSÍ

KSÍ hefur gengið frá ráðningu Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar sem fræðslustjóra sambandsins og tekur hann við af Guðna Kjartanssyni, sem hætti störfum um síðustu áramót.

AUÐUR AÐSTOÐAR JÖRUND

Auður Skúladóttir hefur verið ráðin sem aðstoðarmaður Jörundar Áka Sveinssonar, landsliðsþjálfara U21 kvenna, og mun hún stýra liðinu á Norðurlandamótinu í Finnlandi í lok júlí. Auður hefur lokið KSÍ III stigi (C-stigi) í þjálfaramenntun.

NÝR ÞJÁLFARI RÁÐINN HJÁ KSÍ

KSÍ ákvað fyrir nokkru að fjölga landsliðsþjálfurum karla um einn. Freyr Sverrisson hefur verið ráðinn í starfið og mun hann meðal annars annast stjórn á árlegum knattspyrnskóla og úrtökumóti KSÍ. Með þessu hyggst KSÍ byrja fyrr og skipulegar að kortleggja unga og efnilega knattspyrnumenn þjóðarinnar.

SKRÁNING Á PÓSTLISTA KþÍ

Á heimasíðu KþÍ er nú auglýsingaborði á forsiðunni um að þjálfarar skrái sig á póstlista KþÍ. Netföngin ætjum við að nota til að senda ykkur tilboð og tilkynningar sem við erum oft beðnir um að koma til félagsmanna. Oft er fyrirvari stuttur og því er mjög gott fyrir okkur að geta átt netföng félagsmanna og hvetjum við ykkur því til að fara inn á heimasíðuna www.toto.is/felag/kthi og skrá netfangið sitt sem allra fyrst.

ÞJÁLFARAMENNTUN KSÍ

Fræðslunefnd KSÍ heldur KSÍ - IV þjálfaranámskeið í Reykjavík 3. - 5. maí næstkomandi samkvæmt kennsluskrá um þjálfaramenntun, ef næg þátttaka næst. Þátttakendur þurfa að hafa lokið KSÍ I, II og III eða A, B og C stigi KSÍ. Þátttaka tilkynnast til skrifstofu KSÍ fyrir 2. maí í síma 510-2900 eða með tölvupósti. Námskeiðsgjald er kr. 14.000. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu KSÍ.

Stjórn KÞÍ

FORMAÐUR

Sigurður Þórir Þorsteinsson
Hs: 567-8028
GSM: 861-9401
sthth@ismennt.is

VARAFORMAÐUR

Njáll Eiðsson
Hs: 552-7131
GSM: 862-5616
sigrunv@itn.is

RI TARI

Jóhann Gunnarsson
Hs: 587-2403
GSM: 899-1971
johanng@penninn.is

GJALDKERI

Ómar Jóhannsson
Hs: 565-2761
GSM: 664-4498
omar.johannsson@isb.is

SPJALDSKRÁRRI TARI

Magnús Pálsson
Hs: 565-0574
GSM: 897-4157
magnusp@islandia.is

VARASTJÓRN

Jörundur Áki Sveinsson
Hs: 565-9295
GSM: 895-9472
jakisveinsson@hotmail.com

Elisabet Gunnarsdóttir

Hs: 481-3367
GSM: 899-1276
voffi@simnet.is

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
Brekkubæ 1
110 Reykjavík
Stofnað 1970
Kt: 501279-0139
<http://www.toto.is/felog/kthi/>
kthi@isl.is

Fréttabréf KÞÍ - 1. tölublað 3. árgangur apríl 2002
Umbrött: Andri Ómarsson - Prentun: Hugmyndasmiðjan

Skýrsla stjórnar KÞÍ



Ágætu knattspyrnuþjálfarar!

Á síðasta aðalfundi KÞÍ tók ný stjórn til starfa. Sigurður Þórir hélt áfram sem formaður og á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti hún með sér verkum. Bjarni Jóhannsson, varaformaður, Elisabet Gunnarsdóttir, ritari, Ómar Jóhannsson, gjaldkeri og Magnús Pálsson spjaldskrárritari. Í varastjórn voru Jóhann Gunnarsson og Njáll Eiðsson.

Þessi stjórn hefur því starfað í eitt ár. Á starfsárinu voru haldnir 10 fundir, auk funda þar sem hluti stjórnar hittist til að undirbúa ýmis sérverkefni. Við höfðum sama markmið og í fyrra með lengd stjórnarfunda, þ.e. að þeir væru ekki lengur en ein og hálf klukkustund.

Helstu viðburðir félagsins á starfsárinu voru ráðstefna í tengslum við bikarúrslitaleik karla sem haldin var í lok september og tókst að flestra mati mjög vel. Matarfundur á Naustinu sem var haldinn í vor og er orðinn fastur liður í starfinu hjá okkur, auk þess sem við gáfum út nokkur fréttabréf og fréttatilkynningar.

Okkur hefur verið tíðrætt um fjárhag félagsins. Nú er svo komið að við teljum hann vera kominn á réttan kjöl. Það er samt alltaf hættan þegar menn eru búnir að ná markmiðum sínum að þá verði menn værukærir. Það má ekki gerast hjá okkur hvað fjárhaginn varðar. Við verðum að vera á varðbergi og leita allra leiða til að fjárhagurinn verði áfram í lagi. Um 200 félagsmenn greiddu árgjaldið eins og undanfarin ár og fengu þeir háskólapeysu senda eins og stjórnin lofaði á síðasta aðalfundi.

Styrktaraðilar KÞÍ eru: Tóbaksvarnarnefnd, Íslandsbanki-FBA hf, Íslenskar getraunir og Meba. Þökkum við þessum aðilum fyrir stuðninginn við félagið og vonumst til að eiga gott samstarf við þá áfram.

Eins og oft áður brugðu margir landi undir fót nú á haustmánuðum. Sigurður Þórir Þorsteinsson og Ómar Jóhannsson fóru 13. – 17. október s.l. til Bratislava í Slóvakíu á ráðstefnu evrópska knattspyrnuþjálfarafélagsins. Kristján Guðmundsson fór á ráðstefnu í Noregi í tengslum við bikarúrslitaleikina þar í landi, fyrstu helgina í nóvember og Aðalsteinn Víglundsson, Ólafur Þórðarson og Þorlákur Már Árnason hafa fylgst með æfingum hjá Bolton í Englandi. Eflaust hafa fleiri farið erlendis sem við vitum ekki af og gaman væri ef þeir og þeir sem hér hafa verið taldir upp myndu skrifa greinargerð og senda okkur til að birta á heimasíðu okkar. Sigurður Þórir og Ómar munu koma sinni skýrslu á heimasíðuna fyrir áramót.

Á þessum aðalfundi fara fram kosningar til stjórnarsetu, eins og á flestum aðalfundum. Elisabet Gunnarsdóttir, ritari gefur ekki kost á sér áfram í aðalstjórn, en hún gefur kost á sér í varastjórn. Bjarni Jóhannsson, varaformaður sem setið hefur í stjórn KÞÍ í 10 ár gefur ekki kost á sér áfram. Við þökkum honum fyrir frábær störf í þágu félagsins og vonum að hann komi sem fyrst til stjórnarstarfa aftur.

Stjórn Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands þakkar ykkur öllum fyrir samstarfið og þann mikla velvilja sem félagið hefur og hvetur ykkur til að vinna ykkar störf af heilindum í framtíðinni.

ÍSÍ gefur út bækling um kynferðislega áreitni

Síðastliðið vor framkvæmdu tveir nemendur við íþróttaskólann Kennaraháskóla Íslands, þær Hanna Björg Kjartansdóttir og Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir rannsókn á tíðni kynferðislegrar áreitni í íþróttum. Rannsóknin var gerð með stuðningi Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Á síðustu árum hafa erlendar rannsóknir sýnt að kynferðisleg áreitni er til staðar innan íþróttar.

Þessi rannsókn er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi og eru niðurstöður hennar þess eðlis að nauðsynlegt er fyrir alla aðila innan íþróttahreyfingarinnar að vera á varðbergi gagnvart kynferðislegri áreitni.

Í framhaldi af þessari rannsókn hefur ÍSÍ látið útbúa lítinn fræðslubækling um kynferðislega áreitni sem hefur nú verið sendur út til allra sambandsaðila ÍSÍ. Hægt er að panta bæklinginn með því að hringja á skrifstofu ÍSÍ, í síma: 514-4000 eða í gegnum netfang: isi@isisport.is

Formannspistill

Ágætu þjálfarar !

Vorið er komið með tilheyrandi fjórungi knattspyrnumanna með að byrja Íslandsmótið í knattspyrnu. Mörg lið hafa farið, eru eða ætla erlendis til að undirbúa sig fyrir átök sumarsins. Nokkur félög hafa líka tekið ákvörðun um að fara ekki til útlanda til undirbúnings af fjárhagsástæðum. Þegar tekin er ákvörðun um að fara í slíkar ferðir er mikilvægt að þær séu vel skipulagðar jafnt innan vallar sem utan til að menn fái sem mest út úr þeim, því þetta eru fyrst og fremst vinnuferðir. Hjá sumum félögum var tekin sú ákvörðun að fara ekki til útlanda af fjárhagsástæðum eins og ég talaði um áðan en að mínu mati eiga leikmenn og allra nánustu aðstandendur liðanna að bera hitann og þungann af fjárhagslegum undirbúningi slíkra ferða.

Þessa dagana er verið að vígja tvær knattspyrnuhallir. Önnur er í Kópavogi og hin er í Grafarvogi í Reykjavík. Í lok þessa árs á einnig að taka í notkun knattspyrnuhöll á Akureyri. Eins og allir knattspyrnuunnendur vita hefur Reykjaneshöllin verið starfrækt síðan 19. febrúar árið 2000. Það þarf ekkert að fjölyrða neitt um það að þetta er gífurleg lyftistöng fyrir íslenska knattspyrnu og á örugglega eftir að breyta heilmiklu fyrir okkur.

K.S.Í. hefur ráðið Sigurð Ragnar Eyjólfsson sem fræðslustjóra í fullu starfi. Við erum að sjálfsgöðu mjög ánægð með það að það skref hafi verið stigið aftur að ráða mann í fullt starf enda er nóg af verkefnum og sérstaklega núna þar sem það er verið að aðlaga þjálfaramenntun KSÍ að FIFA. KÞÍ væntir mikils af starfi Sigurðar Ragnars og vonast eftir góðu samstarfi við hann og K.S.Í. Um leið og við bjóðum Sigurð velkominn til starfa þökkum við Guðna Kjartanssyni fyrir vel unnin störf og óskum honum velfarnaðar sem landsliðsþjálfari U - 18 og sem aðstoðarþjálfari A - landsliðs karla og ég veit að við getum alltaf leitað til hans, en allir vita að hann er hokinn af reynslu sem mun alltaf nýtast okkur. Eitt af baráttumálum KÞÍ er að þjálfarar hafi tilskilin réttindi fyrir viðkomandi flokk og þau félög sem ná að uppfylla skilyrðin fái viðurkenningu fyrir.



Sigurður Þórir Þorsteinsson
Formaður K.Þ.Í

Þann 27. apríl n.k. verður haldinn matarfundur á Naustinu. Það er kominn hefð fyrir þessum fundum og hafa þeir tekist mjög vel. Hvetjum við ykkur öll til að mæta og taka félagi ykkar með. Dagskráin er auglýst nánar hér neðar og skráning verður hjá stjórnarmönnum. Að lokum óskum við ykkur góðs gengis á knattspyrnuvelliðinu í sumar og hvetjum ykkur öll til að vinna faglega, jafnt innan sem utan vallar.

MATARFUNDUR Á NAUSTINU

**Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
stendur fyrir matarfundum á
Veitingahúsinu Naustinu við
Vesturgötu í Reykjavík,
laugardaginn 27. apríl kl. 19.30 og
kostar 3500 krónur inn.**

Veislustjóri: Bjarni Jóhannsson

**Freyr Sverrisson
knattspyrnuþjálfari fer með
gamanmál og stjórnar glenski**

**Ræðumaður kvöldsins er Arnar
Björnsson íþróttafréttamaður og
fjallar hann um samskipti þjálfara
og fjölmiðla, Meistaradeildina og
lokabaráttuna í enska boltanum**

Þátttöku skal tilkynna til stjórnarmanna KÞÍ

Fréttir . . .

FRÉTTIR AF AÐALFUNDI

Um 25 þjálfarar mættu á aðalfund KÞÍ í Valsheimilinu föstudaginn 30. nóvember. Fundarmenn voru ánægðir með það sem fram fór en auk venjulegra aðalfundarstarfa var boðið upp á léttar veitingar að fundi loknum og mæltist það sérlega vel fyrir meðal félagsmanna.

BJARNI HÆTTI R Í STJÓRN

Bjarni Jóhannsson varaformaður KÞÍ gaf ekki kost á sér til endurkjörs á aðalfundi KÞÍ. Bjarni hefur verið í stjórn KÞÍ umndanfarin tíu ár. Njáll varaformaður KÞÍ þakkaði Bjarna vel unnin störf fyrir KÞÍ og KÞÍ færði honum skjöld að gjöf sem þakklætisvott fyrir vel unni störf fyrir félagið.

HLUTU VIÐURKENNI NGAR FYRIR VEL UNNIN STÖRF

Hinir kunnu knattspyrnuþjálfarar Björn Eliasson ÍBV, Þórir Bergsson HK og Aðalsteinn Örnólfsson Haukum fengu á aðalfundi KÞÍ viðurkenningu fyrir vel unnin störf við þjálfun yngri flokka félaga sinna. Allir hafa þeir lagt mikinn metnað í þjálfunina og verið knattspyrnuþjálfarastéttinni til sóma við störf sín. Stjórn KÞÍ vill taka það skýrt fram að viðurkenninguna fengu þeir fyrir vel unnin störf við þjálfun á undanförunum árum en ekki eingöngu síðasta ári. Til hamingju allir.

TRAUSTUR FJÁRHAGUR

Fram kom í reikningum félagsins sem lagðir voru fram á aðalfundinum að fjárhagur félagsins hefur lagast mikið og er traustur. Félagsmönnum hefur fjölgað talsvert á undanförunum árum og um leið hefur fjárhagurinn batnað, en félagar eru nú rúmlega 200 og á KÞÍ um þessar mundir ágætan sjóð í banka.

ÓBREYTT ÁRGJALD

Á aðalfundi KÞÍ var samþykkt að hafa árgjald félagsins óbreytt á næsta ári. Stefnt er að því að hafa eitthvað innfalið í árgjaldinu í ár en hvað það verður kemur í ljós fljótlega.


SKOÐUNARMENN TIL EINS ÁRS

Félagarnir á skrifstofu KSÍ, þeir Guðni Kjartansson og Birkir Sveinsson voru endurkjörnir sem skoðunarmenn reikninga félagsins til eins árs.

STJÓRNIN SKIPTI R MEÐ SÉR VERKUM


Á stjórnarfundum hjá KÞÍ fyrir stuttu skipti stjórnin með sér verkum. Njáll tekur við varaformannsembættinu af Bjarna og Jóhann er ritari stjórnar í stað Elisabetar. Aðrir stjórnarmenn halda áfram þeim embættum sem þeir voru í en það eru Sigurður Þórir formaður, Ómar gjaldkeri og Magnús spjaldskrárritari. Í varastjórn eru síðan Elisabet og Jörundur Áki.

Willum Þór Þórsson er þjálfarinn . . .



Æfing 1 - 3:3+2 leikmenn við endalínur

Völlur 14 x 21 metri. 3:3+2 leikmenn við endalínur. Millistærð af mörkum, engir markmenn. Frjálsar snertingar en skora mark í fyrstu snertingu, nota battana. Reynir mjög mikið á varnarsamvinnu, sjá mann og bolta og dekkja nálægt (um leið og þú gefur frið og tíma er búið að skora á þig), klókindi sóknarlega og þrihyrningsspil við batta. Ef lið skorar, þá má gera skiptingu á battamanni og leikmanni inn á vellinum.



Æfing 2 - Koma á stöðunni 3:1

Völlur án marka, skipt í þrjá hluta, 24 x 36 metra. Tveir sóknarmenn gegn einum varnarmanni á hverjum hluta. Einn sóknarmaður frá hverjum hluta má hjálpa þannig að staðan verði 3:1. Markmiðið að ná fimm sendingum áður en færa má boltann á milli vallarþriðjunga. Varnarmenn vinna í þrjár mínútur. Tvær snertingar, en nota eina snertingu ef hægt er.



Æfing 3 - Uppspilsæfing, samhæfa sóknarfærslur

A sendir boltann á C. C lyftir boltanum og sendir á D. D mottækur og leggur til baka á B. B sendir upp í horn á C sem kemur á hlaupum og sendir fyrir markið. D og E fylla teiginn með víxlhlaupi. Æfingin gerist eins í báðar áttir. Stöðuskiptingar eiga sér stað eftir sendingar A,B,C og D og E sækir boltann og byrjar í hina áttina.